

## Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 138

27. desember 2024

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar fundaði í gegnum fjárfundarbúnað 27. desember 2024 kl. 10:00.*

*Mætt eru: Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Hrafn Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.*

*Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson*

### 1. Fundur settur

Formaður stjórnar setur 138. fund stjórnar Menntaskóla Borgarfjarðar, sem er aukafundur boðaður vegna uppbyggingar nemendagarða MB að Borgarbraut 63 í Borgarnesi.

### 2. Fulltrúar MB í stjórn Nemendagarða MB

Fyrir jól hafði stjórn MB staðfest fulltrúa MB í stjórn Nemendagarða hses. Fulltrúar eru: Sindri Sigurgeirsson (formaður stjórnar) og Erla Rún Rúnarsdóttir. Varamaður MB í stjórninni er Jóhanna María Sigmundsdóttir fyrir hönd Dalabyggðar.

### 3. Nemendagarðar MB – gangur mála

Stjórnarformaður og skólameistari fóru yfir stöðu samningaviðræðna við Brákarhlíð fasteignafélag ehf. Farið var yfir fjármögnun framkvæmdarinnar og í framhaldi rekstraráætlun Nemendagarða hses..

Stjórn MB samþykkti eftirfarandi bókun:

- „Stjórn MB samþykkir að veita skólameistara og formanni stjórnar umboð til að ganga til samninga fyrir hönd Nemendagarða hses, við Brákarhlíð fasteignafélag ehf. um kaup húsnæði að Borgarbraut 63. Kaupverð er 324 mkr. og miðað er við afhendingu 1. júlí 2026 Stjórn MB fagnar því að verkefnið sé nú farið formlega af stað“

Fleira var ekki gert og fundi lauk 10:35